



Stúdentafélag Háskólans í Reykjavík

Ársskýrsla SFHR skólaárið 2023-2024

Stúdentafélag Háskólans í Reykjavík | The Student Association of Reykjavík University
Háskólinn í Reykjavík | Reykjavik University
Menntavegur 1, 101 Reykjavík
www.sfhr.is
studentafelag@ru.is
kt. 540305-0800

Efnisyfirlit	
Hlutverk SFHR	5
Stjórn félagsins 2023-2024	6
Fulltrúaráð SFHR 2023-2024	7
Utanaðkomandi ráð og stjórnir	7
Framkvæmdastjórn HR.....	7
Háskólaráð	7
Námsráð	7
Byggingafélag námsmanna (BN).....	8
Landsamtök íslenskra stúdenta (LÍS)	8
Nefndir.....	9
Undirnefndir	9
Viðburðir SFHR.....	9
Hádegis Viðburðir.....	10
Nýnemadagur HR 17. ágúst	10
Nýnemadjamm 18. ágúst	10
Back to School 15. september.....	10
Bleiki dagurinn 20. október	11
Jóladagur 8. desember	11
Vetrar Ólympíuleikar 22.-26. janúar.....	11
Ólympíuleikapartý SFHR 26. janúar	12
Skákmót SFHR 17. febrúar.....	12
HR Musical	13
Kosningarvika	14
Aðrar upptakomur	15
Landsþing LÍs	15
Gagnaárás.....	15
Ályktun Stúdentafélags Háskólans í Reykjavík hvað varðar tilboð Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytis um afnám skólagjalda sjálfstætt starfandi skó	16
Heimsókn á Bessastaði.....	18
Kvennaverksfallið	18
Gleðiganga	18
Októberfest.....	18

Aprés-ski.....	18
Auglýsingaherferð HR.....	19
Samstarfsaðilar SFHR	20
NOVA	20
Red Bull	20
Ölgerðin	20
Dominos	20
Auto Nightclub.....	20
Orkusalan	20
Omax	20
Samskiptamál.....	21
Instagram.....	21
Facebook.....	21
Heimasíða	21
Tölvupóstur.....	22
Bæklingar	22
Kosningar og kjörstjórn	23
Niðurstöður	23

Inngangur

Ný stjórn Stúdentafélags Háskólans í Reykjavík var kosin í maí 2023 og tóku þá formlega við félaginu. Stjórnarmeðlimir voru; ^[ÖB] Jakob Daníelsson forseti, Aþena Hermannsdóttir varaforseti, Þórhalla Ylfa Gísladóttir fjármálastjóri, Sandra Lilja Björnsdóttir hagsmunafulltrúi, Birgitta Rós Ásgrímsdóttir samskiptafulltrúi, Jóhannes Páll Pálsson markaðsfulltrúi og Atli Vikar Ingimundarson nefndarfulltrúi.

Stjórnin bauð sig fram saman í hóp en kosningarnar fóru fram sem einstaklingskosningar. Þessi ársskýrsla gerir grein fyrir helstu störfum félagsins á starfsárinu en þó var sinnt ýmsum öðrum verkefnum sem ekki eru talin hér upp.

Ég vil þakka öllum þeim sem kusu og treystu okkur fyrir þessu mikilvæga starfi, á sama tíma óska ég nemendum velgengni í komandi starfi og námi. Einnig vil ég þakka öllum meðlimum stjórnar SFHR fyrir frábært starf í þágu nemenda HR, öll stóðu þau sig einstaklega vel í hagsmunabaráttu sem og að bæta félagslífið.

Jakob Daníelsson
Forseti SFHR 2023-2024

Hlutverk SFHR

Stúdentafélag Háskólans í Reykjavík, SFHR, er hagsmunafélag stúdenta við Háskólann í Reykjavík. SFHR ber að standa vörð um hagsmuni félagsmanna sinna, stuðla að akademískri umræðu meðal félagsmanna og auka samheldni milli deilda. Allir sem stunda nám við Háskólann í Reykjavík eru meðlimir í félaginu og eru engin félagsgjöld. Stjórnarmeðlimir SFHR eru tengiliðir milli nemenda og stjórnenda skólans þar sem unnið er náið saman að uppbyggingu gæðamála í kennslu, aðstöðu nemenda og fleira. Fulltrúi SFHR situr í flestum ráðum og stjórnnum skólans og er þar með rödd stúdenta.

Stjórn Stúdentafélagsins er skipuð sjö stúdentum úr grunn- eða framhaldsnámi við Háskólann í Reykjavík. Forseti stjórnar fundum og kemur fram fyrir hönd Stúdentafélagsins bæði innan skóla og utan auk þess að hafa yfirumsjón með starfsemi á vegum félagsins og ber hann endanlega ábyrgð á málefnum þess. Forseti situr í framkvæmdastjórn Háskólans í Reykjavík og situr einnig fundi Háskólaráðs. Varaforseti ritar fundargerðir stjórnarfunda, er formaður alþjóðanefndar SFHR og tengiliður stjórnar við erlenda nemendur innan skólans auk Alþjóðaskrifstofu skólans. Fjármálastjóri hefur umsjón með fjárráðum SFHR og útbýr fjárhagsáætlun félagsins. Hagsmunafulltrúi vinnur að hagsmunamálum nemenda og gæðamálum náms. Einnig vinnur hann með hagsmunafulltrúum nemendafélaganna, hefur umsjón með fyrirspurnum nemenda um Menntasjóðinn og ber ábyrgð að uppfylla skyldur samkvæmt þjónustusamningi sem er gerður við Menntasjóðinn hvert ár. Hagsmunafulltrúi ber ábyrgð á endurskoðun laga Stúdentafélagsins. Samskiptafulltrúi ber ábyrgð á öllum samfélagsmiðlum og öllu útgefnu efni félagsins. Hann vinnur náið með nemendafélögum skólans til þess að tryggja gott upplýsingaflæði og svo að hægt sé að upplýsa nemendur sem best hverju sinni. Markaðsfulltrúi sér til þess að samningum og samstörfum við önnur fyrirtæki sé fylgt eftir, bæði af hálfu SFHR og fyrirtækjanna. Markaðsfulltrúi hefur auk þess umsjón með framleiðslu nemendaskírteina í byrjun skólaárs og vinnur í nánu sambandi með gjaldkera varðandi skipulag og til að halda öllu vel upplýstu. Nefndarfulltrúi hefur það hlutverk að hafa yfirumsjón yfir þeim undirnefndum sem starfa innan SFHR hverju sinni og sjá til þess að þær séu virkar í starfi og starfi undir gildum SFHR.

Nemendafélög Háskólans í Reykjavík eru sjö. Formaður hvers félags situr í framkvæmdarstjórn SFHR og er þannig tryggt samvinnu nemenda allra deilda og að nemendafélögin hafa áhrif á viðburði og ákvarðanir SFHR.

SFHR er með skrifstofu í húsnæði Háskólans í Reykjavík í stofu M205. Stúdentafélagið heldur úti heimasíðunni www.sfhr.is, er með Instagram síðu undur nafninu Stúdentafélag Háskólans í Reykjavík og er einnig með netfang, studentafelag@ru.is, þar sem öllum fyrirspurnum er svarað. Nemendur eru eindregið hvattir til þess að senda hvers kyns ábendingar eða spurningar á SFHR en alltaf er reynt að svara eftir bestu getu.

Stjórn félagsins 2023-2024



Jakob Daníelsson
Forseti

Aþena Hermannsdóttir
Varaforseti

Þórhalla Ylfa Gísladóttir
Fjármálastjóri

Sandra Lilja Björnsdóttir
Hagsmunafulltrúi

Birgitta Rós Ásgrímsdóttir
Samskiptafultrúi

Jóhannes Páll Pálsson
Markaðsfulltrúi

Atli Vikar Ingimundarson
Nefndarfulltrúi

Fulltrúaráð SFHR 2023-2024

- Jakob Daníelsson, forseti SFHR
- Aþena Hermannsdóttir, varforseti SFHR
- Emma Sól Aradóttir, formaður Atlas
- Einar Tindur Helgason, formaður Lögréttu
- Aron Kristinn Ágústsson, formaður Markaðsráðs
- Magnús Már Gunnlaugsson, formaður Pragma
- Grímur Arnar Ámundason, formaður Tvíundar
- Anqi Wang, formaður Mentis
- Jóhann Karl Farestveit, formaður Technis

Jakob, forseti SFHR, stjórnaði fundum Fulltrúaráðs SFHR og upplýsti fulltrúa nemendafélagsins um þau málefni sem voru í gangi hverju sinni. Fundir fulltrúaráðs er vettvangur fyrir formenn nemendafélaganna til þess að koma saman og skipuleggja sameiginlega viðburði SFHR og nemendafélaganna. Fyrir utan fundina fór einnig mikið af samskiptum Fulltrúaráðs SFHR fram á Facebook spjalli.

Utanaðkomandi ráð og stjórnir

Framkvæmdastjórn HR

Framkvæmdastjórn HR skipa rektor skólans, framkvæmdastjóri tengsla, deildarforsetar allra deilda skólans, fulltrúi námsráðs, fulltrúi rannsóknarráðs, framkvæmdastjóri upplýsingateknisviðs, framkvæmdastjóri rekstrar, framkvæmdastjóri gæða og mannauðsstjóri skólans. Þá situr forseti SFHR í Framkvæmdastjórn HR sem fulltrúi nemenda. Á borð framkvæmdastjórnar koma öll mikilvægustu málefni sem varða HR og tekur stjórn alltaf lokaákvörðun á öllum stærstu málefnum allra stoðsviða háskólans.

Háskólaráð

Í Háskólaráði HR sitja 10 fulltrúar atvinnulífs, akademíu og stjórnsýslu. Háskólaráð er vettvangur umræðna um stefnumótun háskólans um nám, kennslu og rannsóknir, auk tengsla háskólans og atvinnulífsins. Forseti SFHR, hefur áheyrnasæti í háskólaráði auk allra deildarforseta skólans.

Námsráð

Námsráð gegnir mikilvægu hlutverki í gæðastarfi HR og hefur það hlutverk að fjalla um málefni er tengjast kennslu og námi, bæði í grunn- og framhaldsnámi út frá almennum náms- og námsmatsreglum. Í ráðinu sitja fulltrúar allra deilda ásamt einum fulltrúa nemenda, sem þetta skólaárið var Birgitta Rós Ásgrímsdóttir, Samskiptafulltrúi SFHR. Ráðið heyrir beint undir rektor og situr formaður í framkvæmdastjórn háskólans. Námsráð mótar kennslustefnu HR og

fylgist með framþróun hennar. Í því felst m.a. að hvetja til og styðja góða og framsækna kennsluhætti.

Byggingafélag námsmanna (BN)

Byggingafélag námsmanna annast rekstur, útleigu og viðhald stúdentaíbúða í eigu félagsins og er SFHR aðildarfélag að BN. Auk þessa sér BN um útleigu á nýju háskólagörðum HR sem fóru í útleigu haustið 2020. Hin þrjú aðildarfélög BN eru Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Listaháskóli Íslands og Tækniskólinn.

Landsamtök íslenskra stúdenta (LÍS)

SFHR á tvo fulltrúa í fulltrúaráði LÍSt, en á starfsárinu sem er að líða voru fulltrúar Stúdentafélagsins þau Aþena og Jakob. Varamenn voru þau Sandra Lilja og Þórhalla Ylfa. Landssamtök íslenskra stúdenta voru stofnuð í nóvember árið 2013 sem hagsmunasamtök allra íslenskra stúdenta og regnhlífasamtök allra átta hagsmunasamtaka íslenskra háskólanema. Hlutverk samtakanna er að standa vörð um hagsmuni háskólanema hérlendis sem og hagsmuni íslenskra háskólanema á alþjóðavettvangi. Um leið eiga samtökin að skapa samstarfsvettvang fyrir íslensk stúdentafélög, vera þátttakandi í alþjóðlegu hagsmunasamstarfi háskólanema og vinna að samræmingu gæðastarfs í íslenskum háskólum. Samtökin geta í sameiginlegu umboði allra aðildarféлага farið með samningsumboð og komið fram fyrir þeirra hönd gagnvart stjórnvöldum, fjölmiðlum og öðrum aðilum. Landsþing LÍSt er haldið einu sinni á ári þar koma saman stúdentafulltrúar frá aðildarfélögum LÍSt þ.e. allir háskólar landsins sem og fulltrúar frá Sambandi íslenskra námsmanna erlendis.

Í ár var landsþingið haldið 7-10.mars á Hvanneyri þar sem SFHR mætti með 8 fulltrúa. Úr stjórn SFHR sátu Atli Vikar, Aþena, Birgitta Rós, Jakob, Jóhannes Páll, Sandra Lilja. Eining sátu Elmar Atli Arnarsson og Viktoría Brá Gosadóttir þingið fyrir hönd SFHR.

Heimasíða samtakanna er www.haskolanemar.is og hafa allir stúdentar tækifæri á að sækja um að vera í nefndum sama

Nefndir

Undirnefndir

Ekki tókst vel til að halda áfram uppi undirnefndum þótt reynt hafi verið eftir fremsta megni á fá fólk í þær. Við stefnum þó á að hvetja fólk til þess að bjóða sig fram í undirnefndirnar í kosningarvikunni en við teljum að þá finni fólk sig meira knúið til þess að vilja taka þátt. Það felast ýmsir hagsmunir og mikilvæg málefni í því að hafa virkar undirnefndir og enn sem áður mikilvægt að fá fólk í þær stöður. Þá má nefna að undirnefndirnar eru:

Sjálfbærnisfélag (Birta): félag nema í HR um samfélagslega ábyrgð og sjálfbærni

Jafnréttisfélag HR

Málfundafélag SFHR

Ritstjórn Háskólablaðs HR

Háskólablaðið

Háskólablað HR var gefið út 21. mars 2023. Í ritstjórn Háskólablaðsins sátu María Líf Magnúsdóttir sem ritstjóri, Dagur Nói Sigurðsson sem fjármálastjóri, Silja Rut Rúnarsdóttir sem markaðsstjóri, Dána Svava Arnarsdóttir sem auglýsingastjóri og Daníela Dís Jörundsdóttir sem listrænn stjórnandi. Blaðið kom rosalega vel út og nemendur skólans sýndu því mikinn áhuga enda stútfullt blað af skemmtilegu og góðu efni. Háskólablaðið er eina málagn nemenda við Háskólann í Reykjavík og því mikilvægt fyrir menningu skólans. Þau héldu svo þau héldu svo Útgáfupartý á KEX en þar fylltist skráningin strax


Viðburðir SFHR

Við höldum marga viðburði yfir árið, stóra sem smáa. Við höldum í gömlu hefðirnar líkt og árshátíðina og ólympíuvikuna ásamt því að koma með okkar eigin útfærslur og framkvæma nýjar hugmyndir. Við lögðum mikla áherslu á það að taka vel á móti nýnemum og skiptinimum. Mest sóttu viðburðirnir eru enn sem áður þeir stærstu en nýju hugmyndirnar okkur komu þó ótrúlega vel út og var aðsóknin alltaf langt fram yfir vonum og væntingum.



Hádegis Viðburðir

Margir viðburðir í Sólinni voru í okkar umsjón þetta árið. Þann 18. ágúst vorum við með HR-peysu sölu fyrir skólann þar sem við náðum upp stemningu með tónlist og peysu máttun en peysurnar seldust svo upp og þurfti því að pantar nýjar. Þann 21. ágúst kom bragginn og var með lukkuhjól með allskonar skemmtilegum vinningum ásamt því að kynnt var nýtt ískaffi. Þann 14. September kom Gina Tricot í blíðu veðri með risa lukkuhjól þar sem nemendur gátu unnið afslætti eða gjafakort hjá versluninni, það var vel heppnað en þau mættu með Gina Tricot bílinn fræga og voru Nauthóls megin fyrir utan sólina. Þann 5. október kom Redbull fyrir stærðarinnar flutningskassa fyrir utan aðal inngang HR sem fullur var af ísköldum Redbull til þess að vekja nemendur úr skammdegisþunglyndinu. Þann 10. Nóvember hjálpuðum við HR að halda jólanæsing í sólinni þar sem HR-varningur var seldur og boðið var upp á kakó, piparkökur og annað góðmeti í Sólinni.




Nýnemadagur HR 17. ágúst

Við í SFHR stóðum vaktina líkt og síðustu ár með okkar bás ásamt því að samstarfsaðilar okkar í Orkusölunni gáfu vörur í bás hjá okkur. Við vorum þar að kynna okkar starfsemi ásamt því að öll nemendafélögin höfðu eigin bása til þess að kynna sína starfsemi. Við gáfum út bæklinginn Velkomin í HR þar sem starfsemi okkar og undirnefnda var kynnt og helstu upplýsingar um okkar miðla og hvernig best væri að ná á okkur. Dagurinn heppnaðist vel, gríðarlegt magn nemenda skráðu sig í nemendafélögin ásamt því að nemendur sýndu nýnemadajamminu mikinn áhuga og ætluðu sér að mæta.



Nýnemadajamm 18. ágúst



Við höldum nýnemadajamm á Auto fyrir alla nýja nemendur HR ásamt stjórnnum nemendafélaganna. Við buðum upp á veitingar í fljótandi formi, leigðum beerpong borð og höldum uppi mjög góðri stemningu. Klukkan 22:00 var staðurinn orðinn fullur. Jafn fúlt og það var vorum við mjög sátt, en það sýndi að nemendurnir voru mjög spenntir fyrir því að taka þátt í félagslífinu og gaf það mikið drif til þess að halda uppi góðu félagslífi.

Back to School 15. september

Við höldum Back to School party fyrir alla nemendur og var það tvískipt, píla á skor og party á Auto. Skráning á viðburðinn sem haldinn var á Skor var í gegnum Myschool þar sem boðið var

uppá 133 pláss. Skráningin fylltist um leið. Við byrjuðum kvöldið í pílu og karaoke á Skor og þar buðum við uppá fljótandi veitingar fyrir gesti. Eftir píluna var ferðinni heitið á Auto þar sem DJ Bjarni K sá um að þeyta skífum og Háski kom svo og hélt uppi stuðinu. Við náðum að fylla Auto enn og aftur og heppnaðist kvöldið ótrúlega vel.



Bleiki dagurinn 20. október



Við höldum upp á Bleika

daginn og fengum við varninga frá hinum ýmsu fyrirtækjum til þess að gera daginn enn betri. Ölgerðin gaf okkur bleikan collab og snakk, Vilko gaf vöfflumix, MS gaf okkur rjóma og Málið hjálpaði okkur að blanda bæði vöfflumix

og þeyta rjóma. Dagurinn var vel heppnaður en Kraftur kom og seldi bleikann varning, Sigga Soffia var með hugvekju og buðum við öllum upp á fríar vöfflur með bleikum rjóma þar sem við stóðum vaktina á vöfflujárninu. Einnig höldum við keppni þar sem þrír bleikustu nemendurnir hlutu vinninga frá Redbull og Ölgerðinni.

Jóladagur 8. desember



Við höldum jóladag þar sem við hvöttum alla nemendur til þess að mæta í jólaþeysum í Sólina. Við buðum upp á Swiss Miss frá Innes og svo keyptum piparkökur með. Kveikt var á góðri jólatónlist og nemendur voru ánægðir að kíkja á okkur í kósý stemmningu.

Vetrar Ólympíuleikar 22.-26. janúar

Ólympíuleikunum var breytt töluvert þetta árið. Okkur þótti skemmtilegt að breyta hugmyndinni smá og færa viðburðinn því yfir á seinni önnina þar sem margt var um að vera á þeirri fyrri. Ólympíuleikarnir voru því orðnir að Vetrar Ólympíuleikum. Vikan snýst um það að nemendur



keppa í ýmsum þrautum fyrir sitt nemendafélag. Í öllum hádegishléum voru nemendafélögin að etja kappi við það að safna stigum í kladdann. Keppnirnar voru mjög fjölbreyttar og skemmtilegar þetta árið, þær voru limbó, skutlukeppni, Stinger, Stólaboðhlaup og Stóladans en hvert nemendafélag hélt utan um eina keppni. Bæjarins Bestu Pylsur komu á miðvikudeginum og buðu nemendum upp á pylsur, fjölmörg gjafabréf og varninga. Á fimmtudeginum mætti Landsbankinn og gaf taupoka, aukakrónur og settu upp gjafaleiki. Á föstudeginum var síðasta keppnin í umsjón nemendafélaganna haldin og réðust svo úrslitin seinna um kvöldið í partyinu.


Ólympíuleikapartý SFHR 26. janúar

Á föstudeginum var Ólympíuleikapartý SFHR, það stærsta í sögunni en það var haldið í Kolaportinu og 550 manns mættu. Skráning var á Myschool en vegna mikillar aðsóknar náði kerfið ekki að annast umferðina og lág það því niðri um stund. Vegna stærðargráðu viðburðsins önnuðumst við barinn sjálf þar sem við buðum nemendum að kaupa sér drykki á frábæru verði til þess að borga upp kostnaðinn ásamt því að bjóða betra verð á bjórkortum sem seld voru í vikunni. Í partyinu var keppt í Beerpong, Chuggi og Flip a cup. Tvíund sigraði Ólympíuleikana þetta árið. Það vantaði ekki Stemningu í partyið en þeir sem að héldu henni uppi voru DJ EISI, Daniil, Húgó og Nussun.



Skákmót SFHR 17. febrúar

Skákmót SFHR var haldið í samstarfi við Skáksamband Íslands. Vinningar voru frá Nicks og Landbankanum. Góð aðsókn var á mótið en 26 nemendur skráðu sig og almennt ríkti mikil ánægja með daginn. Mótið tókst og stóð Oliver Aron Jóhannesson uppi sem sigurvegari, Jón Trausti Harðarson hafnaði í öðru sæti og Logi Sigurðarson í því þriðja. Mikil spenna ríkti fyrir því að halda mót milli háskólanna en þar sem margt gekk á þessa önn var það ekki gert þetta árið.



Árshátíð SFHR 24. Febrúar

Árshátíð SFHR var haldin 24.febrúar í Hörpu þar sem 1300 nemendur komu saman við borðhald og tónleika.

Mikill metnaður fór í undirbúning og kynningu árshátíðarinnar. Engin sérstök árshátíðarnefnd var skipuð en sáu stjórn SFHR alfarið um skipulagninguna. Kynning á árshátíðinni byrjaði 31. janúar það sem boðið var upp á pizzur frá Dominos og kynningar-myndband sýnt í Sólinn þar sem veislustjórar og artistar voru tilkynntir. Þann 5. febrúar hófst miðasala, sem fór fram á Aur og var auglýst á Instagram síðu SFHR. Þann 22.febrúar gáfum við út árshátíðarbæklinginn og pizzur í sólini, þar sem árshátíðin var peppuð enn frekar.

Partýland bauð 20% afslátt af öllum aukahlutum og búningum og Suitup bauð 15% afslátt af sínum vörum gegn framvísun árshátíðarmiða. Mamma mia vintage kom svo með pop-up í Sólina 15. Febrúar og buðu nemendum 15% afslátt.



Árshátíðin sjálf var svo haldin í Hörpu þann 24. febrúar undir þemanu back to the 20's. Sirkus Íslands tók á móti gestum með fordrykkjum og myndatökum. Borðhald var borið fram í salnum Flóa. Boðið var upp á Nautalund og sæta bita auk vegan valmöguleikum. Teboðið sá um að veislustýra yfir borðhaldi og slógu þær rækilega í gegn. Framlög nemendafélaga í HR Musical voru sýnd yfir matnum. Seinna um kvöldið opnaði Silfurberg þar sem blásið var til stórtónleika, þar

komu fram Gusgus, Birnir, Inspector spacetime, Bjarni K, Háski og Séra Bjösssi. Árshátíðin heppnaðist gríðalega vel og einstaklega þægilegt að vinna með fagfólkinu frá Hörpu.

HR Musical



Síðan 2010 hefur HR musical verið haldið á árshátíð SFHR þar sem hvert nemendafélag gefur út lag og myndband. Vel valin dómnefnd krýnir besta framlagið. Nemendafélögin leggja mikla vinnu í verkefnið á hverju ári og þurfa þau að fara eftir ákveðnum reglum og viðmiðum svo keppnin sé sanngjörn. Dómnefndin þetta árið var: Ragnhildur Helgadóttir rektor HR, Teboðið og sigurvegari

síðasta árs. Þátttaka í ár var frábær þar sem öll nemendafélög að undanskildu Technis tóku þátt. Pragma sigraði annað árið í röð með lagið lengi lifi Pragma.

Stjórnarstefnumótanir

Haldnar voru 2 stjórnarstefnumótanir á árinu fyrir allar stjórnir nemendafélaga, undirnefndir SFHR og stjórn SFHR. Þetta er mikilvægur partur fyrir starfsemi þeirra sem sjá um félagslíf og hagsmuni nemenda í skólanum þar sem þetta er vettvangur til þess að kynnast og skiptast á hugmyndum. SFHR hélt 5 stjórnarstefnumótanir, árlega bústaðarferðin fyrir fráfarandi og nýkjörna stjórn, 2 minni stjórnarstefnumótanir sem voru fyrir stjórnina og tvær með öllum okkar undirnefndum.

Gjafaleikir

Við höldum litla gjafaleiki í tengslum við minni viðburðina okkar, við gáfum vinninga á bæði bleika deginum og jólapeysu deginum. Það tókst vel til en nemendur þurftu að tilnefna sigurvegara með því að senda okkur á Instagram mynd af þeim sem þeim þóttu flottust til faranna í tilefni daganna. Við höldum þó enga aðra gjafaleiki en aðal ástæða þess er vegna þess hve mikið gekk á þessa önnina, bæði vegna okkar viðburða og annarra verkefna.

Kosningarvika

Vikuna 6. – 10. maí var framboðsvika HR. Þar reyndu frambjóðendur að næla sér í atkvæði á alls kyns hátt. Þó helst eru það framboðin í SFHR sem eru með mikið um að vera í sólinni þessa vikuna. Boðið var upp á pizzu frá Dominos, drykki frá Ölgerðinni, snakk og einnig var lukkuhjól á staðnum einn daginn. Núverandi stjórn SFHR stóð fyrir pallborðsumræðum í sólinni í hádeginu 7. maí, þar komu allir fjórtán frambjóðendur til stjórnar SFHR fram og fengu fyrst mínútu til að kynna sig og svöruðu síðan spurningum stjórnar SFHR og nemenda HR.

Kjörsókn ársins var lægri en hún hefur verið síðustu ár. Kjörsókn í SFHR var hærri frá því í fyrra en lægri frá því hitt í fyrra. Kjörsókn í nemendafélögin var lægri fyrir öll félög í ár heldur en hefur verið síðustu tvö ár.

Kjörsókn í SFHR og Háskólablaðið var 691 manns eða 19% nemenda.

Kjörsókn í Atlas var 10 kjósendur eða 25% meðlima.

Kjörsókn í Lögréttu var 56 kjósendur eða 35% meðlima.

Kjörsókn í Markaðsráð var 85 manns eða 33% meðlima.

Kjörsókn í Mentis var 36 manns eða 31% meðlima.

Kjörsókn í Pragma var 150 manns eða 31% meðlima.

Kjörsókn í Technis var 36 manns eða 10% meðlima.

Kjörsókn í Tvíund var 83 manns eða 24% meðlima.

Aðrar upptakomur

Landsþing LÍS

Landsþing Landssamtaka íslenskra stúdenta (LÍS), hefur verið haldið einu sinni á ári síðan félagið var stofnað. Á Landsþingum koma saman fulltrúar frá öllum aðildarfélögum yfir heila helgi og unnin er mikilvæg vinna fyrir innra sem ytra starf LÍS. Þannig stuðla samtökin að eflingu háskólasamfélags

Við frá SFHR áttum rétt á 9 þingsætum á landsþingi landssamtaka íslenskra stúdenta, sem haldið var 29. mars - 1. apríl 2023. Yfirskrift þingsins þetta árið var "Fjölskyldumál Stúdenta". Fimm fulltrúar mættu, fjórir úr stjórn SFHR og einn nemandi úr HR. Þingið var haldið á Akureyri í Háskólanum á Akureyri. Eftir góðar viðtökur á Akureyri á fimmtudeginum hófst dagskráin á fimmtudeginum með ávörpum frá forseta LÍS og Guðmundi Inga Guðbrandsson Félags- og vinnumarkaðsráðherra ávarpa.

Við tókum vinnustofur, erindi og umræður um fjölskyldumál, sem var málefni þingsins, ásamt umræðu um innra starf LÍS. Þinginu lauk með kosningu til framkvæmdastjórnar LÍS. Þrátt fyrir mikla seiglu í fundarhöldum var mikið hópefli og skemmtun á kvöldin með öðrum fulltrúum þingsins sem eru einnig í forsvari fyrir stúdenta frá öðrum skólum. Á heildina litið heppnaðist þingið mjög vel og þingfulltrúar frá SFHR komu reynslunni ríkari heim.

Þingfulltrúar SFHR 2024:

- € Atli Vikar Ingimundarson, nefndarfulltrúi SFHR
- € Aþena Hermannsdóttir, varaforseti SFHR
- € Birgitta Rós Ásgrímsdóttir, samskiptafulltrúi SFHR
- € Elmar Atli Arnarsson, verkfræðinemi HR
- € Jakob Daníelsson, forseti SFHR
- € Jóhannes Páll Pálsson, markaðsfulltrúi SFHR
- € Sandra Lilja Björgvinsdóttir, hagsmunafulltrúi SFHR
- € Viktoría Brá Gosadóttir, verkfræðinemi HR

Gagnaárás

2.febrúar 2024 var gerð tölvuárás á Háskólann í Reykjavík. Öll stofnkerfi skólans lágu niðri, helstu aðgerðir í viðbragðsáætlun sem SFHR kom að voru upplýsingagjöf til nemenda, þar sem allar samskiptaleiðir skólans lágu niðri. Instagram SFHR var notað til að miðla upplýsingum sem gekk gífurlega vel, auk þess voru Instagram síður nemendafélagana notuð. Upplýsingunum var því miðlað til mikil fjölda nemenda á mjög stuttum tíma. Þetta undirstrikar mikilvægi SFHR og undirfélaga í upplýsingagjöf og hvað samfélagsmiðlar koma sterkir þar inn.

Ályktun Stúdentafélags Háskólans í Reykjavík hvað varðar tilboð Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytis um afnám skólagjalda sjálfstætt starfandi skó

SFHR sendi frá sér ályktun um tilboð ráðuneytisins. Boðað var til opins fundar fyrir nemendur í HR þar sem tilboðið var rætt og út frá þeim sjónarmiðum og umræðum sem komu fram var skrifuð ályktun. Ályktunin vakti mikla athygli í fjölmiðlum og skapaðist mikil og góð umræði í kringum fjármögnun HR.



Ályktunin í heild sinni:

Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið hefur boðið sjálfstætt starfandi háskólum tilboð þar sem núverandi skerðing á fjármagni þessara skóla verðir fjarlægð gegn því að skólarnir afnemi skólagjöld.

Þetta tilboð ráðuneytisins hljómar við fyrstu sýn frábært fyrir okkur nemendur í HR. Háskólagjöld geta verið mikil byrði og hefur það að verkum að nemendur koma að jafnaði hærra skuldsett úr námi og í lakari fjárhagsstöðu á meðan námi stendur.

Tilboðið frá ráðuneytinu eins og það stendur núna felur hins vegar í sér að rekstrartekjur HR lækki um rúman 1,1 milljarð króna og þar sem HR er rekið sem sjálfseignarfélag og skilar hann ekki hagnaði þýðir þetta niðurskurður um u.þ.b. 15%.

Á opnum samráðsfundi nemenda HR vegna tilboðsins kom sterkt fram að nemendur í HR leggja mikið upp úr góðri aðstöðu, persónulegri kennslu, nútímalegum kennslubúnaði og framúrskarandi þjónustu við nemendur. Við í stúdentaráði teljum ómögulegt að halda þessari sérstöðu sem nemendur í HR kjósa með svona fjárskerðingum. Sérstaða HR er að miklu leyti möguleg vegna fullnægjandi fjármögnunar.

SFHR fagnar þó umræðu um að fé skuli fylgja nemendum. Í HR fá nemendur einungis 75% ríkisframlag miðað við nemendur í opinberum skólum. Þó að þessi skerðing væri ekki til staðar eru ennþá þættir sem styðja enn frekar við opinberu skólana. Þar má nefna húsnæðismál, HHÍ, Sáttmálasjóð HÍ o.fl. sem nemendur í sjálfstætt starfandi skólum njóta ekki góðs af.

Innleiða ætti stefnuna "fé fylgir nemendum" að alvöru, óháð því hvort nemendur borgi skólagjöld eða ekki. Ef skerðingin yrði afnumin gæfi það svigrúm til að lækka skólagjöld í HR töluvert. Forsendur í núverandi tilboði frá ráðuneytinu gefa í ljós að HR gæti þá tæplega helmingað skólagjöld en haldið sömu sérstöðu sem nemendur hafa valið.

Ráðuneytið svarar spurningum um bæði fullt ríkisframlag og skólagjöld með samanburði á menntastofnunum og heilbrigðisfyrirtækjum. "Það væri eins og ef ríkið greiddi aðgerðir hjá einkareknu heilbrigðisfyrirtæki en lækarnir gætu svo bætt ofan á þá greiðslu frá ríkinu og rukkað sjúklingana um meira." En hvernig á það að vera mögulegt að framkvæma aðgerðina þegar ríkisframlagið dugir ekki til þess að aðgerðin gangi raunverulega vel. Af hverju fær viðkomandi ekki full ríkisframlög þó það sé kosið að velja þjónustu þar sem nægt fjármagn er tryggt til að gera hana vel?

Það hefur lengi verið vitað að háskólana á Íslandi og sérstaklega þá opinberu skorti ríkisfjármagn. Eins og staðan er í dag dugir ekki "100% ríkisframlagið" til að kenna nemendum með þeim hætti sem HR hefur verið að gera. Til þess að raunverulega auka aðgengi að vali mismunandi háskóla óháð efnahag, er réttast að afnema skerðingarnar og lækka því þröskuldinn verulega fyrir nemendur með lægri skólagjöldum.

Það er alveg ljóst að ef HR á að geta haldið áfram að vera framúrskarandi í áhersluþáttum ráðuneytisins eins og að útskrifa unga karlmenn (sem sækja mun síður í háskólanám en ungar konur) eða nemendur í raun- og tæknigreinum þá þarf þetta fjármagn að vera til staðar, eitthvað sem núverandi tilboð felur ekki í sér og gerir því nemendum HR ekki kleift að fá sama ríkisframlag og aðrir háskólanemar.

Það er ástæða fyrir því að rúmlega 3500 nemendur velji að borga skólagjöldin í stað þess að fara á samskonar námsbraut hinu megin við Vatnsmýrina. Þetta val þarf að standa til boða án þess að fjármagn sem fylgir þessum nemendum sé skert. Eins og ríkisfjármagnið er í dag er það ómögulegt án skólagjalda.

Það er því sameiginlegt hagsmunamál ríkisins og nemenda við sjálfstætt starfandi skóla að veita full fjárframlög án kröfu um alfarið afnám skólagjalda.

Fyrir hönd Stúdentafélags Háskólans í Reykjavík

Jakob Daníelsson

Forseti SFHR

Heimsókn á Bessastaði

Stjórn SFHR hlaut þann heiður að vera boðin á Bessastaði til þess að fagna fullveldisdeginum. Þar var skoðunarferð um Bessastaði og ræða frá forseta Íslands, Guðna Th. Jóhannessyni. Fulltrúar allra skóla á landinu mættu til þess að fagna saman ásamt frábæru fólki úr menntamálanum. Forseti SFHR fékk svo boð frá Bessastöðum þess efnis að vera viðstaddur við afhendingu nýsköpunarverðlauna forseta Íslands. Hann mætti á þá afhendingu.



Kvennaverkfallið

Þann 24. Október var kvennaverkfall á Íslandi en SFHR ásamt HR sendu út hvatningu þess efnis að konur og kvár tækju þátt í því stóra verkefni sem það er.

Gleðiganga



Stjórn SFHR fékk boð um að taka þátt í gleðigöngunni þann 12. ágúst 2023. Það var okkur mikill heiður að fá að taka þátt og standa með baráttunni. Við gengum með félagi hinsegin stúdenta og Landssamtökum íslenskra stúdenta. Atriði þeirra var virkilega fallett en stóð hugmyndin að því að allir stúdentar ættu að standa saman og lyfta hinsegin stúdentum upp þegar þörf er á.

Októberfest

SHÍ hélt sína árlegu Októberfest helgina 1. - 4. september og hjálpuðum við í stjórninni til með miðasölu hennar. Þetta var skemmtileg samstarf við HÍ og alltaf er gott að efla samstarf milli háskólanna. Við sáum um miðasölu í sólinni alla daga í vikunni fyrir og myndaðist mikil stemning í kringum hana.


Aprés-ski

Það má segja að nemendur HR hafi tekið yfir Akureyri helgina 1-3. mars og var SFHR með í stuðinu. Flest nemendafélögin voru með sína árlegu skíðaferð þá og á laugardeginum var Aprés-ski í fjallinu. Við nýttum tækifærið og buðum upp á bjór í fjallinu fyrir HR-inga.




Auglýsingaherferð HR

HR setti af stað auglýsingaherferð til að kynna að námið í HR. Stjórn SFHR sat fyrir í auglýsingum sem voru svo keyrðar á samfélagsmiðlum.


 **Háskólinn í Reykjavík**
20. mars · 🌐

Það er mjög gaman í HR!
👉 Kynntu þér námið á www.hr.is



Ertu HR-ingur?
hr.is

Nánari upplýsingar



Opið fyrir umsóknir
hr.is

Nánari upplýsingar

Lát ræt
hr.is

Samstarfsaðilar SFHR

NOVA

SFHR hélt áfram samstarf við Nova á starfsárinu. Nova veitti félagsmönnum SFHR afslætti og tilboð, á móti auglýsir félagið sérvalið efni fyrir Nova. Allir nemendur fengu SFHR skírteini í Nova appið, sem heldur utan um alla afslætti nemenda. Okkur tókst að hækka fjárhagstuðninginn frá Nova sem kom sér að góðum notum

Red Bull

SFHR skrifaði undir samstarf við Red Bull sem varð til þess að Red Bull gaf nemendum háskólans drykki nokkrum sinnum yfir skólaárið gegn auglýsingu. Einnig greiddi Red Bull fyrir artista og/eða dj á nokkrum viðburðum og hjálpaði okkur að halda viðburð upp í skíðafjalli þegar nemendafélögin fóru til Akureyrar í skíðaferð.

Ölgerðin

SFHR skrifaði undir samstarf við Ölgerðina sem varð til þess að Ölgerðin gaf nemendum háskólans snakk, gos drykki og orku drykki í gegnum skólaárið gegn auglýsingu.

Dominos

SFHR skrifaði undir áframhaldandi samstarfssamning við Dominos haustönn 2023. Samningurinn var nýttur eins og áætlað var og kom hann sér vel á ýmsum viðburðum og þegar SFHR gaf pizzur á víð og dreif um skólaárið. SFHR fékk Dominos til að hækka inneignina sína.

Auto Nightclub

SFHR skrifaði undir nýjan samstarfssamning við Auto Nightclub þar meðlimir SFHR fengu að mæta nokkra föstudaga fyrir almennan opnunartíma og hafa staðinn fyrir sig ásamt því að fá sérstakt tilboð af drykkjarseðill. Stjórn SFHR fékk einnig sérstakt tilboð af drykkjum fyrir viðburði eins og stjórnar stefnumótun.

Orkusalan

SFHR skrifaði undir áframhaldandi samstarfssamning við Orkusöluna. Orkusalan greiddi fyrir auglýsingar á miðlum SFHR ásamt því að gefa nemendum gífurlegt magn af collab, spil og derhúfum sem dæmi. SFHR fékk Orkusöluna til að hækka sfjrhagslega styrkinn.

Omax

SFHR gerði samstarf við Omax sem flytur inn Nicks og Propud vörunar til Íslands. Omax gaf nemendum skólans vörur nokkrum sinnum yfir skólaárið.

Samskiptamál

Stjórn SFHR hélt áfram að vera virk í upplýsingagjöf og nýttu sér samfélagsmiðla til þess. Lögð var áhersla á að allar upplýsingar yrðu aðgengilegar nemendum á samfélagsmiðlum, og að það væri auðvelt að hafa samband við okkur með skilaboðum á samfélagsmiðlum.

Instagram

Stúdentafélagið var mjög virkt á Instagram og notuðum við það sem aðal miðilinn okkar. Þar auglýstum við allt sem við kom stúdentum HR, upplýsingum um viðburði, lífið í HR, myndum af viðburðum innan skólans, afslætti og kjör fyrir nemendur og margt fleira. Notast var bæði við pósta á Instagram, Instagram reels og Instagram story. Lagt var áherslu á að allt efni sem færi á Instagram væri vel unnið og flott í útliti. Instagram reels reyndist vera allra besta leiðin til þess að fá efnið okkar á flug en við náðum til að mynda um 16.000 áhorfum á kynningarmyndbandið okkar fyrir árshátíðina og um 8.000 áhorfum á myndbandið okkar eftir Ólympíu vikuna. Við hvetjum því næstu stjórnir til þess að vera enn virkari í þess háttar póstum þar sem meðal áhorf á Instagram reels voru um 10.000.

Facebook

Vegna óhjákvæmilegra tækniáðstæðna fyrir um tveimur skólaárum er Facebook síðan ekki virk. Einstaka póstar rata þó inn frá Instagram en við getum ekki skoðað skilaboð eða stjórnað. Við teljum þó að það sé ekki mikill missir þar sem lítil prósentu nemenda notar Facebook til þess að sækja sér upplýsinga og meirihlutinn notar Instagram í dag.

TikTok

TikTok aðgangurinn var virkjaður meira en áður en þangað birtum við skemmtileg myndbönd þegar “TikTok trend” voru í gangi ásamt því að því deildum myndum frá viðburðum þangað inn og kostaðar auglýsingar. Því miður misstum við aðganginn eftir gagnaárásina og unnið er hörðum höndum að því að komast aftur inn á hann þar sem það er ekki einungis góður miðill fyrir okkur til þess að deila skemmtilegu efni til nemenda heldur einnig til þess að vekja athygli á SFHR og HR fyrir framtíðar nemendum sem margir hverjir eiga TikTok aðgang. Fylgjendur fóru úr um 15 upp í um 160 en auðveldlega mætti rífa þá tölu upp með því að setja reglulega myndbönd og efni þangað inn.

Heimasíða

Heimasíðunni var lítið breytt þetta skólaárið þar sem stutt er síðan hún var tekin í gegn og vorum við mjög sátt með skýrleika og einfaldleika hennar. Hún er enn góður staður til þess að miðla mikilvægum upplýsingum líkt og fræðsluefni og til þess að taka á móti ábendingum. Þó nokkrar ábendingar bárust þaðan yfir árið og var þeim, líkt og öðrum skilaboðum svarað mjög fljótt.

Tölvupóstur

Tölvupóstur í gegn um netfang Stúdentafélagsins, studentafelag@ru.is, er eitt mikilvægasta upplýsingatól sem við höfum til þess að eiga samskipti við nemendur. Margir tölvupóstar bárust frá nemendum og var þeim svarað eins fljótt og auðið var. Þar var tekið á móti hinum ýmsu vangaveltum, hagsmuna árekstrum, tilboðum og margt fleira. Hann lág þó niðri í tölvuvert langan tíma vegna gagnaárásarinnar en við reyndum hvað við gátum að komast inn á hann sem allra fyrst, þó það gekk heldur brösulega.

Bæklingar

Í ár ákvað SFHR að gefa út nýnemabækling á nýnemadögum með það að leiðarljósi að kynna starfsemi og hlutverk SFHR ásamt því að kynna nemendafélögin. Í honum leyndust fullt af fróðleik um viðburði og skemmtilegar myndir frá þeim. Við töldum þetta góð leið til að auka sýnileika okkar í byrjun skólaárs og hvetja fólk til þess að taka þátt í félagslífinu. Einnig var gefinn út bæklingur í tilefni af árshátíðinni þar sem helstu upplýsingar um árshátíðina komu fram ásamt drykkjuleik, heitt og kalt, ávarp frá stjórninni, viðtöl við artista og margt fleira.



Kosningar og kjörstjórn

Kosningar í embætti stjórnar SFHR og aðildarfélaga fóru fram 1. – 5. maí 2023. Kjörstjórn árið 2023 skipuðu

- Aþena Hermannsdóttir (SFHR)
- Jakob Daníelsson (SFHR)
- Sandra Lilja Björgvinsdóttir (SFHR)
- Díanna Svava Arnarsdóttir (Háskólablaðið)
- Heiðdís Tinna Guðmundsdóttir (Technis)

- Núi Jón Marínósson (Pragma)

- Sigurður Bjarnason (Mentes)

Niðurstöður

Kjörin stjórn SFHR 2024-2025

Forseti – Magnús Már Gunnlaugsson

Varaforseti – Kara K. Blöndal Haraldsdóttir

Fjármálastjóri – Aron Kristinn Ágústsson

Hagsmunafulltrúi – Rakel Sigmarsdóttir

Markaðsfulltrúi – María Líf Magnúsdóttir

Samskiptafulltrúi – Ebba Kristín Yngvadóttir

Nefndarfulltrúi – Ástþór Ingi Runólfsson